
Landsnet – Útlit fyrir seltu norðvestan- og vestantil og hætt við samslætti norðan- og norðaustanlands.
09.01. 2019 kl. 10:00

Almennt yfirlit

VSV-strengur skellur á landinu, verst í kvöld og nótt. Loft ofan af Grænlandi og má gera ráð fyrir áraun seltu á Snæfellsnesi, Vestfjarðarkjálkanum og norður í Húnaflóa. Á Mið-Norðurlandi hins vegar er hætt við samslætti með feyki hvössum vindi í lofti, frá Hrutatungu og austur í Kröflu og í nótt einnig austanlands.

Nánar um veðurútlitið

Þetta er mikil vindröst sem verður yfir okkur. Verst í kjölfar “kuldaskila” úr vestri eftir kl. 18. Þá kemur mun þurrara loft ættað af Grænlandi. Kjarni þess stefnir á Vestfjarðakjálkann og Breiðafjörð. Nægilega hvass til að rífa upp seltu á leið sinni og getur hæglega borist og valdið áraun einnig vestantil á Norðurlandi.

Annar, en minni strengur stefnir á suðvestanvert landið. Skortir aðeins upp á vindstyrk, en loftið er engu að síður vel þurr og seltuáraun s.s. á Brennifel og Geitháls, einhver og mögulega miðlungs. Ennig eftir kl. 18.

Veðurhæðin norðanlands verður vaxandi í allan dag. Fyrst um sinn “klassísk” SV-átt með hlýindum og vindur af stormstyrk. En það er einkum eftir að hann snýst til VSV- og V-átt í kvöld sem hættast er við samslætti á línunum. Þetta verður hvellur, fyrst vestast og færast austur. Það versta stendur yfir í 2-3 klst á hverjum stað. Þekktir staðir eru Skagafjörður norðan Varmahlíðar, Öxnadalur, Molhaugnaháls og Akureyri. Ljósvatnsskarð, Kaldakinn og Krafla. Austar og þar í nótt: Vopnafjörður, Hérað og Seyðisfjörður. Annars er veður eins og þetta bæði óvenjulegt og fátítt og vindur skrófar sig niður á ýmsum stöðum sem annars er óþekkt veðurálag.

Veðurviðvörðun

Spáð er seltu með þurru lofti og hvessir V- og SV-átt. Einkum norðvestantil og þar miðlungs til mikil áraun eftir kl. 18 og fram á nótt. Einnig miðlungs áraun suðvestantil, frá Borgarfirði og austur fyrir fjall. Mjög hvasst verður norðanlands og byljóttur vindur hætt við samslætti og truflunum, einkum í kvöld og nótt frá Hrutafirði, norður um og austur á land.

Einar Sveinbjörnsson
857-1799